

Ísafirði 10. ágúst 2021

Umsögn; Grænbók um samgöngumál. Mál í Samráðsgátt S 142/2021

Undirbúningur að nýrri samgönguáætlun, sem Grænbók er hluti af, hefur tekist vel og er til fyrirmyndar fyrir undirbúning áætlana ríkisins almennt. Ferlar málsins hefur gefið sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum færi á að koma að sjónarmiðum á undirbúningsstigi. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur einnig að vel hafi verið staðið í undirbúningi Grænbókar með umfjöllun um einstaka þætti og lýst vel umræðu frá samráðsfundum. Vel sé lýst stöðu og aðgerðir sem tryggja eigi samkeppnishæft samgöngukerfi.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur hinsvegar að mikilsverðir þættir fái ekki næga umfjöllun og verður hér í umsögn komið að atriðum er varða hagsmuni samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Þeirri ábendingu er hér einnig komið á framfæri að forðast beri að setja mál til umsagnar þegar sumarleyfistími er hafinn eða gefa þá lengri umsagnarfrest inn í ágústmánuð.

Í lokakafli Grænbókar eru settar fram spurningar og er umsögn unnin út frá þeim spurningum eftir því sem tók eru á.

• Stöðumatinu sjálfu. Endurspeglar það þitt mat á stöðunni?

Umfjöllun lýsir ágætlega stöðu samgöngumála almennt, jafnt því sem hefur áunnist og um þá stóru áfanga sem unnir hafa verið á síðustu árum og eins hver séu verkefni framundan. Kalla verður þó eftir dýpri umfjöllun um nokkur atriði sem hér segir;

Árstíðastaða. Taka verði til sérstakrar umfjöllunar virkni, öryggi og umhverfisáhrif samgöngukerfisins gagnvart samfélagi og atvinnulífi með tilliti til árstíða og ólíkra aðstæðna landshluta. Um þessa þætti er fjallað óbeint t.d. þegar fjallað er um svifryksmengun á höfuðborgarsvæði og óöryggi fólks að aka um ótrygga vegi að vetrarlagi (fjallvegi og vegi þar sem hætta er á ofanflóðum). Flöskuhálsar eru því víða í samgöngukerfinu þegar vetur gengur í garð. Því er hér með beint til ráðuneytisins taka til sérstakrar umfjöllunar áhrif veðurs og árstíðar á virkni samgöngukerfisins og hvernig taka eigi tilliti til þessa sampils þegar unnið er að forgangsroðun verkefna og miðlun fjármagns.

Yfirlit um verkefni. Það myndi auðvelda stöðumat á Samgönguáætlun að lagður yrði fram listi yfir þau 200 nýframkvæmdaverkefni sem talið er að þurfi að fara í á næsta aldarfjórðungi og metin eru að muni kosta um 540 milljarða (bls 13). Þá kæmi betri mynd á hvaða viðfangsefni ráðuneytið hefur tekið til skoðunar fram til ársins 2050 og ræða markmið, áherslur og forgangsroðun verkefna.

Samþætting áætlana. Lýst er í stöðumati hvernig aukin áhersla er á samþættingu áætlana sem heyra undir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti. Tekið er undir að þessi áhersla ráðuneytisins hefur þegar skilað árangri og ber að halda áfram á þessari braut en útvíkka má umræðuna.

Með útvíkkun umræðu er átt við að áætlanir sem heyra undir önnur ráðuneyti og eru ekki tilgreindar í umfjöllun um samþættingu áætlana, en samspil þeirra eru á sama hátt mikilvægar og áætlanir ráðuneytisins. Dæmi hér um er samspil við áherslur samgönguáætlunar í viðauka við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er varðar áhersluna “20 mínútna samfélagið” (með fyrirvara um samþykkt Alþingis á þingsályktun um viðaukann á komandi þingi), annað dæmi væri samspil við stefnumörkun í ferðaþjónustu og við Kerfisáætlun Landsnets m.t.t. markmiða um orkuskipti í samgöngum. Sama á við samspil Samgönguáætlunar og skipulagsáætlanir sveitarfélaga og Sóknaráætlana landshluta, en hér mætti í stöðumati, lýsa hvernig samspil þessara áætlana er framkvæmt.

Að lokum verður ekki séð í stöðumati hvort eða hvernig samspil Þróunaráætlunar Keflavíkurflugvallar og Samgönguáætlunar á sér stað. Hvorri áætlunin er ætlað að vera leiðandi við mörkun samgöngustefnu? Dæmi um lykilsþurningu er hvert er mat á getu samgöngukerfisins í landinu til að taka við áætlaðri aukningu farþega sem fara um Keflavíkurflugvöll til ársins 2040, en áætlað er að 14 milljón farþega fari um völinn og hvert er áætlað hlutfall þeirra sem ætlar ferðast um landið. Eins hvernig spilast markmið Samgönguáætlunar og fleiri áætlana um uppbyggingu annarra gátta inn til landsins s.s. millilandaflugvelli á Egilsstöðum og Akureyri.

• Lykilviðfangsefnin eiga að endurspeglar helstu álitamál til framtíðar. Ert þú sammála þeim og hvernig þau eru sett fram?

Telja verður að lykilviðfangsefnin sem kynnt eru nái að fylgja þróun samgangna og markmiðum stjórnvalda fyrir landið í heild s.s. hafnarmálum og í loftlagsmálum. Viðfangsefnunum er hinsvegar að fjölga og fjármögnun þeirra verður að vera ljós s.s. vegna smáfaratækja og hálendisvega. Skýra þarf hvort ný verkefni kalli á auknar fjárveitingar eða leiði til þess að dregið verði úr fjármagni úr öðrum þáttum samgöngukerfisins. Eða eru líkur á ný verkefni geti sparað fjármagn / hagrætt í öðrum hlutum samfélags og atvinnulífs og skapi þannig fjárhagslegt svigrúm til að setja þau í framkvæmd.

Lykilviðfangsefnin ná hinsvegar ekki að endurspeglar nægjanlega stöðu samgöngukerfisins á Vestfjörðum og eru hér tilgreind lykilviðfangsefni sem Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur til að verði tekin upp í Grænbók.

Lykilviðfangsefnið Vestfirðir. Samgöngukerfið á Vestfjörðum er langt á eftir í uppbyggingu miðað við aðra landshluta og virkni þess er ekki samkeppnishæf vegna flöskuhálsa í kerfinu, þrátt fyrir stóra áfanga, ekki síst á allra síðustu árum. Af þessum sökum þarf að setja samgöngukerfið á Vestfjörðum í forgang. Ekki sýst með breyttri stöðu, eins og tilgreint er í Grænbók, þá er það þjóðhagslegt mikilvægt að greiða fyrir þungaflytningum, til að mæta hinni hröðu uppbyggingu í fiskeldi á Vestfjörðum.

Fiskeldi er að verða ein af meginstöðum í rekstri þjóðarbúsins og mikilvægi á flæði flutninga, vinnuafis og þjónustu er augljós. Eins má benda á Vestfjarðaleiðina¹ sem er nýjung í afþreyingu ferðamanna auk áhrifa samgangna á fleiri atvinnugreinar og þjónustu. Það er alvarleg staða að

¹ [Vestfjarðaleiðin \(vestfjardaleidin.is\)](http://vestfjarðaleiðin.is)


núverandi samgöngukerfi á Vestfjörðum er nú dragbítur og skaðar þessa framþróun atvinnulífs og samfélaga í landshlutanum.

Ítrekuð er sú afstaða að tryggt sé að ný lykilviðfangsefni dragi ekki úr fjármagni til að ljúka framkvæmdum á Vestfjörðum, en samhliða verði ný lykilviðfangsefni einnig sett í framkvæmd á Vestfjörðum.

Lykilviðfangsefnið vegabjónusta. Lagt er til að breytt verði umfjöllun í Samgönguáætlun um vegabjónustu og sérstaklega vetrarbjónustu. Þjónustustig á vegum verði sett í forgang og verði kjarni í umfjöllun í samgönguáætlun, en ekki eingöngu í markmiðum um jákvæða byggðaðpróun. Það er þó jákvætt að tillaga um slíkt markmið er sett fram, opni þá fyrir mun víðtækara samráð en t.d. í dag með framkvæmd vetrarbjónustu, þar sem fjárheimildir fjálaga hvers árs ramma inn þjónustuna og gefa lítinn sveigjanleika gagnavart veðurlagi hvers árs.

Lykilviðfangsefnið í vegabjónustu er að það hafi að markmiði til framtíðar litið, að allir byggðakjarnar búi við sólarhringsþjónustu á stofnvegum, óháð íbúafjölda en strjálbýli frá snemma morguns til miðnættis. Slíkt tryggir einnig áætlanir flutningsaðila, þjónustu fyrirtækja innan landshluta og þjónustu fyrirtækja frá höfuðborgarsvæðinu s.s. dagvöruverslanir.

Horft eingöngu til stofnvega á Vestfjörðum þá eru þetta 14 fjallvegir og vegir um ofanflóðavæði sem mynda flöskuhálsa sem sjá má í samantekt á lokunum á vegum 2018-2020. Hér er ekki yfirlit um lokanir á Veiðileysuhálsi en þar er í gildi snjómoksturregla (G-regla) sem heimilar ekki mokstur frá byrjun janúar til loka mars.



(skráningar á Dynjandisheiði eingöngu fyrir árið 2020, upplýsingar um lokanir á Flateyrarvegi eru fyrir 2019 og 2020, Kirkjubólshlíð lokast samhliða lokun á Súðarvíkurhlíð)

Til skemmri tíma litið verður að auka við vetrarþjónustu með nýjum lausnum s.s. fylgdarakstri, en til lengri tíma þá verði komið á stofnvegakerfi sem dragi úr þörf á vetrarþjónustu s.s. með jarðgöngum og endurbótum á stofnvegum sem koma í veg fyrir snjósöfnun. Með þessum hætti er tryggt að samgöngukerfi þjóni atvinnulífi og samfélagi og auki hag þeirra og samfélagsins alls.

Bætt vegapjónusta er einnig liður í framkvæmd stefnu í sveitarstjórnarmálum er stefnir á stækkun sveitarfélaga með tilheyrandi fjölgun fjölkjarnasveitarfélaga og tryggir tengingu byggðakjarna innan þeirra.

Eins er ljóst að íbúar sem búa við ótrygga vetrarvegi og vetrarþjónustu vegra sig við að aka þar um. Kemur þetta m.a. fram í viðhorfskönnun Vestfjarðastofu (sjá viðhengi) sem kynnt var á samráðsfundi á Vestfjörðum sem haldinn var vegna undirbúnings Grænbókar. Þetta tengist einnig markmiðum um jafnrétti kynja en hærra hlutfall kvenna en karla lætur þetta viðhorf í ljós.

Hér verður að nota tækifærið að benda á algjöra sérstöðu samfélagsins í Árneshreppi, sem er hið eina í landinu, sem er neitað um aðflutninga á landi hluta ársins (janúar – mars) með svokallaðri G reglu í snjómokstri. Reglu sem komið var á í framhaldi af efnahagshruni 2008 en fæst ekki afnumin með vísan til kostnaðar (sem hefur verið metinn innan við 20 mkr á ári). Hér er um að ræða, með fyrirvara um mikil snjóalög, að hækka þjónustustig úr G reglu í F reglu sem heimilar mokstur tvisvar í viku. Öðrum samfélögum eru tryggðar ferjusamgöngur ef vegur er ekki í boði, Grímsey, Flatey og Vestmannaeyjar, eða þegar vegir lokast um langa hríð s.s. Mjóafirði eystri.

Að lokum er hér kallað eftir að gert verði mat á áhrifum af langtímalokunum jarðganga s.s. vegna tímafrekra viðhaldsframkvæmda og áhættu af meiriháttar grjóthruni í jarðgöngum. Hluti þessa mats væri að taka til skoðunar viðbrögð við slíkum tilvikum, t.d. hvort viðhalda eigi hjáleiddum að ákveðnu marki þ.e. vegum sem lagðir voru af þegar jarðgöng voru tekin í notkun.

Lykilviðfangsefnið, almenningsamgöngur Almenningsamgöngur þarf að tengja við skipulag vetrarþjónustu og stefnumörkun í málefnum sveitarfélaga sem leiðir af sér fleiri fjölkjarnasveitarfélög. Eins þarf að fjalla um að fjármagn til landsbyggðastrætós eru takmarkaðar og að óbreyttu lítil tækifæri á að þróa það kerfi. En horft til framtíðar þá þarf meiri umfjöllun um þróun innanlandsflugs og ferja sem hluta af almenningsamgöngum.

Lykilviðfangsefni, innanlandsflug. Innanlandsflug á Íslandi þarf að taka fyrir sem sérstakt viðfangsefni. Ekki hefur náðst almennur skilningur fyrir því að innanlandsflug á Íslandi er ígildi hraðlestakerfa hjá öðrum þjóðum. Innanlandsflug hefur gefið eftir á síðustu árum og verið í neikvæðum spíral framboðs og eftirspurnar. Þess er vænst að Loftbrúin geti stöðvað þessa þróun en markmiðið verður að vera einnig að stuðla að því að auka framboð og fjölga ferðum.

En hugsanlega er eitt stærsta tækifærið á áætlunartíma samgönguáætlunar, falið í orkuskiptum í innanlandsflugi. Reikna má með lækkun kostnaðar og skapa þar færi á að auka eftirspurn og eða auka við framboð og með nýjum tengingum á milli landshluta. En þá kemur að því að viðhald áætlunarflugvalla hefur verið mjög ábótavant á síðustu árum og orkuskipti kalla á fjárfestingu á flugvöllum.

Skoða þarf þá samhliða hvort núverandi áætlunarflugvellir og landingarstaðir hafi annmarka til að þjóna framtíðarþróun innanlandsflugs. Nýtt flugvallarstæði sem þjónaði betur norðanverðum Vestfjörðum ætti að vera hér til skoðunar.

Nýtt flugleiðsögukerfi sem byggir gervihnattarleiðsögn þarf einnig að ná til alls landsins en þar er vesturhluti landsins með mun lakari dekkun. Bætt flugleiðsögn á Vestfjörðum eykur öryggi og gæti fækkað tilvikum þar sem flug er felld niður eða seinkað vegna birtu- eða veðurskilyrða.

Ferjan Baldur er grundvallarþáttur í samgöngum sunnanverðra Vestfjarða og verður mikilvægur valkostur fyrir norðanverðra Vestfjarða þegar framkvæmdum er lokið á Dynjandisheiði. Endurnýjun ferjunnar er forgangsmál því núverandi ferja annar ekki eftirspurn og tíðar bilanir og aldur er mikið áhyggjuefni.

Lykilviðfagnsefnið, jarðgöng. Það er verulegur annmarki á Grænbók um samgöngumál, að ekki sé til reiðu úttekt á jarðgangakostum á Íslandi. Slík úttekt er í vinnslu, en ekki er að vænta niðurstöðu fyrr en undir lok ársins. Einn jarðgangakostur er í Samgönguáætlun í dag þ.e. Seyðisfjarðargöng og að óbreyttu verða ný jarðgangaverkefni ekki hafin fyrr en 2034.

Nýir jarðgangakostir eru kjarni í þróun samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum og óásættanleg staða ef ný verkefni komist ekki í framvæmd fyrr en líður á næsta áratug. Unnin hefur verið Jarðgangaáætlun Vestfjarða að frumkvæði sveitarfélaga á Vestfjörðum og kynnt var á samráðsfundum (sjá viðauka). Þar eru tilgreind eru þrjú ný jarðgangaverkefni og eitt viðhaldsverkefni sem koma verður á í framvæmd á næstu árum.

Gerð er krafa um að í Grænbók verði fjallað um jarðgöng eða afgreiðsla stefnumörkunar verði með fyrirvara um að hún verði tekin upp að nýju þegar ný jarðgangaáætlun liggur fyrir.

• Hvernig getum við aukið skilning okkar á samgöngum? Gætum við bætt við eða breytt þeim ástandsmælikvörðum sem notast er við í dag?

Staða samgangna á Vestfjörðum í stefnmörkun Alþingis og ráðherra á síðustu áratugum hefur verið að setja verkefni þess landshluta í forgang. Staðan er því miður enn í dag að þessu markmiði hefur ekki verið náð og uppbyggingu stofnvegakerfis mun ekki vera lokið á áætlunartímabilinu, þegar aðrir landshlutar hafa haft slíkt kerfi um áratugi. Einnig er komið að stórum viðhaldsverkefnum á eldri hluta stofnvega á sama tíma sem þungaflutningar hafa stóraukist.

Auka þarf skilning að þessi staða hefur og mun að óbreyttu viðhalda ójafnræði samfélaga á Vestfjörðum gagnvart öðrum landshlutum. Í íbúakönnunum á Vestfjörðum, kemur fram mikil óánægja með framgang samgönguverkefna, sérstaklega á sunnanverðum Vestfjörðum. Mælst er til að nýta félagshagfræðilegar greiningar á stöðu mála og í framhaldi setja á áætlun sem svara þörfum samfélaga og atvinnulífs með tímasettum verkefnum og fjármagni. Þetta þurfa að vera stofnvegaverkefni, viðhaldsverkefni og jarðgöng sem skapa heilsárstengingar innan atvinnusvæði og milli þjónustusvæða.

Auka þarf skilning á mikilvægi innanlandsflugs sem ígildi hraðlestrarkerfis fyrir landshluta utan suðvestur hluta landsins og framtíðarmöguleika þess.

• Hvernig bætum við forgangsröðun? Hvernig aukum við ábata samfélagsins af samgöngum?

Jafna stöðu samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum gagnvart öðrum landshlutum með því að setja úrbætur á samgöngukerfi á Vestfjörðum sem forgangsmál. Með hraðri uppbyggingu fiskeldis, ferðaþjónustu og annara atvinngreina mun ábati samfélagsins skila sér mun hraðar með bættum stofnvegum, jarðgöngum, höfnum og flugvöllum, en ef fylgt er verkefnaáætlun sem er í gildandi samgönguáætlun.

• Hver ætti framtíðarsýn samgangna að vera á Íslandi?

Drög um framtíðarsýn sem er sett fram í kafla 4.2. Grænbókar fellur um margt að stefnumörkun samfélaga og atvinnulífs á Vestfjörðum. Fjórðungssamband Vestfirðinga telur hinsvegar, að áherslur og verkefni sem eru í gildandi samgönguáætlun og í drögum að Grænbók, taki ekki nægjanlega tillit til stöðu samgöngukerfisins á Vestfjörðum. Fjórðungssambandsins telur að það ójafnvægi er í sem er í stöðu Vestfjarða gagnvart öðrum landshlutum verði viðhaldið í þeim að áherslum, verkefnavali og viðbótartillögum Grænbókar. Samgöngu- og fjarskiptakerfin á Vestfjörðum muni vissulega komast nýtt stig og vera sambærilegt og er í öðrum landshlutum í dag, en þá eru þeir landshlutar komir skrefum lengra í þróun sinna kerfa.

Drög að framtíðarsýn er einnig ekki að styðja með nægjanlega öflugum hætti við þá þróun sem er hafinn með uppbyggingu fiskeldis og þess sem vænta má af þróun fiskeldis, samkvæmt greiningu KPMG (sjá viðauka). Er þá ótalin áhrif uppbyggingar annarra atvinnugreina s.s. ferðaþjónustu s.s. Vestfjarðaleiðin, iðnaði og nýsköpun, Stjórnvöld eru þar með að missa af lykiltækfæri til að draga úr og líklega skaða til framtíðar viðsnúning í þróun byggðar og atvinnulífs á Vestfjörðum.

Stærsta viðfangsefnið sem hér um ræðir er jarðgangagerð en í gildandi samgönguáætlun eru Seyðisfjarðargangna eina jarðgangverkefnið til ársins 2034. Í Jarðgangaáætlun Vestfjarða sem kom út fyrr á þessu ári, er verkefnum forgangsraðað með áherslu á jarðgangagerð sem tryggir heilsárstengingu innan atvinnusvæða til að leysa af hættulega fjallvegi og vegi með ofanflóðahættu. Stærsta viðhaldsverkefnið í jarðgöngum með sömu áherslum er breikkun Breiðadalsleggjar í Breiðadals- og Botnsheiðargöngum.

Ný samgönguáætlun mun gilda til ársins 2037 og ekki er hægt að fallast á að samþykkja nýja áætlun án áherslna og verkefna um gerð fleiri en einna jarðgangna. Samtímis þarf að auka við vetrarþjónustu þar til lokið er gerð jarðganga.

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur að setja verði fleiri markmið í Grænbók, til að ná fram jöfnun aðstæðna á Vestfjörðum gagnvart öðrum landshlutum. Þær tillögur eru sem hér segir;

- *Markmið um greiðar samgöngur.*

Sett verði inn nýtt markmið að um að tryggja heilsársumferð innan atvinnusvæða með jarðgöngum.

- *Markmið um öruggar samgöngur.*

Sett verði nýtt markmið um að vetrarþjónusta tryggi öryggi vegfarenda allan sólarhringinn.

- *Markmið um jákvæða byggðapróun.*

Sett verði nýtt markmið um að setja Vestfirði í forgang í samgönguverkefnum til að styðja við þann mikla viðsnúning í íbúafjölda og sköpun atvinnutækifæra sem fyrirséður er á fyrri hluta áætlunartíma samgönguáætlunar.

Sett verði einnig að markmiði á að meta áhrif vetrarþjónustu á jákvæða byggðþróun og grípa til aðgerða til að jafna stöðu kynjanna til vinnu og skólasóknar.

• **Annað sem þú vilt taka fram?**

Heildarstefnumörkun í samgöngumálum á Vestfjörðum stendur yfir en áfangaskýrsla um Jarðgangaáætlun Vestfjarða og ályktanir Fjórðungspinga Vestfirðinga draga fram helstu áherslur, sem hér segir;

- Samgöngur innan atvinnusvæða
 - Jarðgöng – Álftafjarðargöng og göng um Mikladal og Hálfán
 - Stórbætt vetrarþjónusta innan atvinnusvæða þangað til göng koma
 - Viðhaldsverkefni með breikkun Breiðadalsleggs í jarðgöngum undir Breiðadals- og Botnsheiðargöngum.
- Stofnvegsframkvæmdir á Bíldudalsvegi, Innstrandavegi og Veiðileysuhálsi flýtt innan framkvæmdatímabila áætlunarinnar, 2020-2024 og 2025-2028
- Vetrarþjónusta á meginflutningsleiðum
- Flug ótryggt
 - Viðkvæmt flug á Ísafjörð – Ljúka þarf rannsóknnum á hentugu flugvallastæði
 - Bæta þarf við ferðum á Bíldudal svo hægt sé að fara fram og til baka yfir dag
- Nýr Baldur
 - Ný ferja nauðsynleg til að svara kröfum samfélags og atvinnulífs
- Úrbætur á mikilvægum ferðamannaleiðum sem ekki eru með bundið slitlag

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar

Viðauki.

- Jarðgangaáætlun Vestfjarða (apríl 2021)
https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/jardgangaaaetlun_2021_lokaskjal-1-.pdf
- Samgöngur á Vestfjörðum. Viðhorf íbúa. RHA (febrúar 2021)
https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi/210112-nidurstodur_samgongur.pdf
- Greining á áhrifum fiskeldis á Vestfjörðum. KPMG (febrúar 2021) [210301-greining-a-ahrifum-fiskeldis-a-vestfjordum.pdf](https://www.vestfirdir.is/static/files/210301-greining-a-ahrifum-fiskeldis-a-vestfjordum.pdf) ([vestfirdir.is](https://www.vestfirdir.is))
- Viðhorf Vestfirðinga til fiskeldis. RHA (febrúar 2021) [Fiskeldi og samgöngur á Vestfjörðum](https://www.vestfirdir.is/static/files/Fiskeldi_og_samgongur_a_Vestfjorðum.pdf) ([vestfirdir.is](https://www.vestfirdir.is))
- Raforkuspá fyrir Vestfirði 2035. Verkfræðistofan Efla (júlí 2020)
<https://www.vestfirdir.is/static/files/Orkumal/6225-001-sky-001-vo4-svidsmyndir-raforkunotkunar-a-vestfjordum.pdf>
- Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 (nóvember 2019)
https://www.vestfirdir.is/static/files/Soknaraetlun/vestfjardastofa_soknaraetlun-2020-2024.pdf
- Ibúakönnun Vestfjarða (febrúar 2021) <http://ssv.is/wp-content/uploads/2021/02/Ibuakonnun-landshlutanna-2020-nidurstodur.pdf>
- Sviðsmyndagreiningin Krossgötur (maí 2019)
https://www.vestfirdir.is/static/files/Innvidir/nmi_a-krossgotum_loka.pdf